

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar:

84.19.21 og 84.22.39.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980 og nr. 80/1980 um breyting á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 106 29. desember 1980 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. febrúar 1981.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

6. febrúar 1981.

Nr. 89.

AUGLÝSING

um samræmingu tolla samkvæmt 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

Tollskrárn.	Vörulýsing	Tollskrárn. sem samræmt er við
38.19.49	Ryðvarnarefni	27.10.82
38.19.49	„GALFOR R502“ frysti- og kælimiðill	29.02.40
38.19.49	Efnið „HAFTVERMITTLER BS“	27.10.89
	(Ráðuneytisbr. 01.12.72 fellt úr gildi)	
39.01.59	Stagnir úr pólyamíd	74.03.01
39.02.35	Áprentuð filma í rúllum, framleidd þannig að „límt“ er saman „sellofan“ og plastfilma	48.16.08
o. fl.		
39.07.16	Plastumbúðir með viðeigandi áletrun um útflutning, „laminat-ed“ pokar), þ. e. pokar framleiddir þannig að „límt“ er saman „sellofan“ og plastfilma	48.16.08
39.07.30	Glysvarningur úr plasti (imitation jewellery), sbr. aths. 8a við 71. kafla 1. gr. tollskrárlaga, þó ekki úrfestar	71.16.00
39.07.39	Bréfastaklemmur úr plasti	83.05.09
39.07.99	Vörumiðar og merkimiðar (þ. m. t. hólkar), einnig áprentað og límborið	48.19.09
39.07.99	Svonefnd „stoppnet“ fyrir gólfteppi	59.06.09
39.07.99	Verkfæratoöskur og önnur áþekk ílát	42.02.49
46.03.09	Körfur úr fléttiefnum („Backschüsseln“)	44.24.00
46.03.09	Lampaskermar úr fléttiefnum	39.07.47
59.02.29	„ANGEL SET“ eða englamyndir úr flóka	49.11.21

Tollskrárn.	Vörulýsing	Tollskrárn. sem samræmt er við
59.15.00	Vatnsslöngur og aðrar svípaðar slöngur úr spunatrefjum	40.09.09
68.10.09	Lampar og lýsingartæki (Ráðuneytisbréf 12.12. '79 afturkallað)	69.13.01
68.10.09	Lampar og lýsingartæki (Ráðuneytisbréf 12.12. '79 afturkallað)	69.13.01
70.14.09	Lampar og lýsingartæki (Ráðuneytisbréf 12.12. '79 afturkallað)	69.13.01
73.38.19	Strauborð úr stáli	44.24.00
73.40.59	Verkfæratöskur og önnur áþekk ílát	42.02.49
74.19.06	Keðjur í metratali og einstakir tengihlutir fyrir þær, húðað góðmálmi	71.12.00
75.06.09	Keðjur í metratali og einstakir tengihlutir fyrir þær, húðað góðmálmi	71.12.00
76.15.10	Strauborð úr áli	44.24.00
83.02.09	Smávarningur og annað þess háttar úr ódýrum málmum til reiðtygjasmíði	39.07.66
84.08.49	„JET PUMPS“ eða „Hamilton Jet Units 750/770“, þ. e. vökva- dæla ásamt „gír“, sjó- eða vatnsinntaki og stillanlegri út- rennslispípu, sem ætlað er að koma í stað skipsskrúfu	84.65.01
84.15.32	Kæli- og frystivélar til framleiðslu á mjólkurís og kældum og frystum drykkjarvörum, enda séu þær með innbyggðum hræri- og blöndunarbúnaði, mótum o. s. frv. (Ákvörðun tók gildi 1. sept. 1980)	84.17.24
85.12.59	„Home Sauna“ og „Sunsauna“ geilsabúnaður	90.17.10

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar 31. desember 1980 um efnahags-
ráðstafanir og samkvæmt vatnalögum nr. 15 29. júní 1923 hefur ráðuneytið staðfest
10% hækkun á gildandi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja frá 2. janúar 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.